

Kvótaþing

Kvótaþing Íslands var tilboðsmarkaður með aflamark sem starfræktur var frá 1998-2001. Hlutverk Kvótaþings var m.a. að annast skráningu kaup- og sölutilboða á aflamarki og vera vettvangur viðskipta með aflamark, að annast greiðslumiðlun milli kaupenda og seljenda aflamarks á Kvótaþingi og að miðla upplýsingum um viðskipti á Kvótaþingi. Yfirumsjón með þinginu var hjá yfirstjórn þess, skipuð af sjávarútvegsráðherra, og þurftu stjórnarmenn að uppfylla almenn hæfisskilyrði stjórnarmanna líkt og hjá Verðbréfaþingi Íslands og máttu ekki eiga beina eignaraðild í útgerðarfyrirtæki eða sitja í stjórn þess. Fiskistofa sá um móttöku sölutilboða og flutning aflamarks á milli skipa að sölu lokinni. Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands hafði eftirlit með því að lögum um Kvótaþing nr. 11/1998 væri fylgt eftir.

Flutningur aflamarks milli eigin skipa án aðkomu Kvótaþings var heimill, eins gat stjórn Kvótaþings ákveðið að ákveðnar tegundir sem lítil viðskipti væru með þurftu ekki að fara í gegnum það. Heimilt var að skipta til jafns á aflaheimildum, miðað við meðalskiptaverðmæti þeirra síðustu viku á undan á Kvótaþingi.

Lög um Kvótaþing voru sett í kjölfar úttektar þriggja manna nefndar sem sett var á eftir verkfall fiskiskipaflotans. Nefndinni var falið að kanna verðmyndun á fiski og þá þætti sem hefðu áhrif á hana. Þjóðhagsstofnun var fengin til þess að meta möguleg áhrif þess og taldi hún líklegt að til skemmri tíma mætti gera ráð fyrir að fyrirkomulagið hækkaði laun sjómanna hjá útgerðum sem áður höfðu stundað tonn á móti tonni viðskipti og eftirspurn eftir kvótum drægist saman og kvótaverð ætti því að lækka. Áhrif þessa til lengri tíma væru þó óvissari. Hins vegar mundi kostnaður við viðskipti lækka og líklegt að viðskipti myndu aukast og óvíst hvort verð myndi hækka eða lækka. Líklegt væri að minni fyrirhöfn og viðskiptakostnaður myndi fylgja því fyrir kvótaminni útgerðir að útvega sér aflaheimildir.

Kvótaþingið starfaði frá 1998 til 2001. Árið 2000 gerði Birgir Þór Runólfsson úttekt á starfsemi og árangri af Kvótaþingi. Hann kemst að þeirri niðurstöðu að þrátt fyrir allt virðist svo að sjómenn og fiskvinnslur taki þátt í fjármögnum á aflamarki. Um þetta vitni bæði fiskverð og aflamarksviðskipti einstakra skipa sem og ummæli forystumanna hagsmunasamtaka. Því megi deila um gagnsemi Kvótaþings. Birgir bendir jafnframt á að þó að upplýsingar um verð og magn í viðskiptum með aflaheimildir liggi fyrir þá vanti upplýsingar um hvaða aðilar ættu hlut að máli. Kvótaþing var lagt niður með lögum um kjaramál fiskimanna og fleira árið 2001, kom þá fram að starfsemin þætti ekki hafa skilað tilætluðum árangri.¹